

Stjórnarfundur TSÍ 12.1.26 kl. 12:00

Mætt voru Magnús, Kristín og Mia. Gunnar tók þátt um TEAMS en Andri lenti í tæknilegum vandamálum með tengingu og missti af fundi.

1. Samþykkt fundargerðar. Fundargerð frá 24. nóvember samþykkt án athugasemda.
2. Staða fjármála. Kristín fór yfir stöðuna um áramót og rakti hvaða breytinga er von á næsta ári (Afrekssjóður, útbreiðslustyrkir, Davis Cup, BJK, ITF rebate). Því miður eru allar breytingar til þess að lækka tekjur eða auka kostnað hjá sambandinu. Von er á drögum að uppgjöri fyrir árið á næsta fundi.
3. Lagabreytingar. Stjórnarmönnum höfðu verið kynntar fyrirhugaðar breytingar í pósti og voru þær ekki ræddar í smáatriðum á fundinum. Magnús fékk heimild til að taka síðustu umferð með lögfræðingi ÍSÍ til að tryggja að allt sé í lagi.
4. Hegðunarreglur - breytingar. Ákveðið að skipa nefnd reyndra dómara til að skoða siðareglur í heild. Magnús biður Jonathan Wilkins eða Óskar Knudsen til að leiða það starf.
5. Þjálfaramál - samningsgerð. Magnúsi falið að ganga skriflega frá samningi við landsliðsþjálfara
6. World Tennis Week. Magnús vakti athygli á því að ITF stendur fyrir kynningarátaki á íþróttinni í september. Stjórn ræðir við formenn tennisfélaganna á Tennisþingi og hvetur til þátttöku í áttakinu.
7. Sponsorships (áfengisspurningin). Allir fundarmenn sammála að ekki séu leyfðar áfengisauglýsingar á mótum sem haldin eru undir fána TSÍ með þátttöku ungmenna. Vangaveltur um skemmtimót sem ekki tengjast ÍSÍ og hugsanlega hvort slíkar auglýsingar geti kostað sjónvarpsútsendingu frá Íslandsmeistaramóti.
8. Árshátíðarundirbúningur. Mia leiðir undirbúning árshátíðar. Budget ákveðið kr. 300.000.-
9. Önnur mál. Undir liðnum var ræddur póstur frá Raj varðandi bolta fyrir landsliðsæfingar. Magnúsi falið að skoða hvort hægt væri að minnka notkun nýrra bolta í sparnaðarskini og eins komast að því hvað verður um bolta sem greiddir eru af TSÍ.
10. Mia steig af fundi vegna fjölskyldutengsla og eftirsitjandi fundarmenn afgreiddu styrkveitingar vegna afreksstarfs á eigin vegum.

Fundi slitið 12:45